



Rannsóknastofnun
fiskiðnaðarins

Ársskýrsla 2001

Umsjón: Björn E. Auðunsson
Ábyrgðarmaður: Kristján B. Ólafsson
Ljósmynd á forsíðu: Ragnar Th. Sigurðsson

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Ávarp forstjóra.....	2
Skipurit Rf.....	4
Þjónustusvið.....	5
Rannsóknarsvið.....	6
Niðurstöður kynntar.....	6
Gæði og stöðugleiki.....	6
Umhverfi og hollusta.....	8
Vinnsla og nýsköpun.....	9
Upplýsingasvið.....	12
Starfsemi útibúa.....	13
Ísafjörður.....	13
Akureyri.....	13
Neskaupstaður.....	13
Vestmannaeyjar.....	13
Áherslur í rannsóknum Rf 1981-2000.....	14
Ritstörf og erindi 2001.....	16
Rf skýrslur.....	16
Verkefnaskýrslur.....	16
Ráðgjafarskýrslur, greinargerðir og aðrar skýrslur.....	18
Ritryndar greinar og bókarkaflar.....	18
Ráðstefnurit.....	19
Meistaránámsritgerðir.....	19
Greinar í íslenskum tímaritum.....	19
Handbók.....	20
Fyrirlestrar og erindi.....	20
Veggspjöld.....	22
Starfsfólk Rf árið 2001.....	23
Stjórn og forstjóri.....	23
Rekstrarsvið.....	23
Rannsóknarsvið.....	23
Upplýsingasvið.....	24
Þjónustusvið.....	24
Rf á Akureyri.....	24
Rf á Ísafirði.....	24
Rf í Neskaupstað.....	25
Rf í Vestmannaeyjum.....	25
Meistaránámsnemar á Rf 2001.....	25
Doktorsnemar á Rf 2001.....	25

Ávarp forstjóra

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins (Rf) á rætur sínar að rekja allt til ársins 1934 er Fiskifélagið réð til starfa ráðgjafa í fiskiðnaðarfræðum. Þetta



ráðgjafarstarf var fyrsti vísirinn að rannsókn- og leiðbeiningarstarfi í þágu fiskiðnaðar á Íslandi. Með rannsóknalögum frá árinu 1965 breyttist nafn Rannsóknastofnu Fiskifélags Íslands í núverandi nafn Rf sem jafnframt varð ríkisstofnun. Frá janúar 1993 hefur stofnunin starfað sem ráðgefandi

stofnun og hefur engu lögboðnu eftirlitshlutverki að gegna.

Árið 2001 er þannig 68. starfsár stofnunarinnar. Að baki liggur ómetanleg þekking, reynsla og upplýsingaöflun sem beint og óbeint hefur nýst við uppbyggingu íslensks fiskiðnaðar og við sókn á erlendum mörkuðum. Rf hefur hjálpað til við að byggja undir þá ímynd íslenskra afurða að hún sé tengd gæðum, hollustu og heilnæmi. Starfsemi Rf er veigamikill þáttur í þeirri viðleitni að hámarka það verðmæti sem hægt er að ná út úr úthlutuðum kvóta og þar með að hámarka afrakstur þýðingarmestu atvinnugreinar landsins.

Hlutverk Rf er skilgreint í rekstrarsamningi stofnunarinnar við sjávarútvegsráðuneytið með eftirfarandi hætti:


“Hlutverk Rf er að stunda rannsóknir, framkvæma mælingar og prófanir, veita ráðgjöf, miðla upplýsingum og annast fræðslu á þekkingar- og þjónustusviðum sínum. Rf annast miðlun þekkingar með markvissri úrvinnslu og dreifingu upplýsinga sem aflað er með eigin rannsóknum og tengslum við erlenda gagnabanka”.

Á undanförunum árum hefur verið unnið að fjölmörgum rannsóknaverkefnum. Flest þeirra eru unnin í samstarfi við innlenda og/eða erlenda aðila og einkum fjármögnuð með beinum styrkjum og hluta af ríkisframlagi til Rf. Vinnslutími verkefna er frá nokkrum mánuðum upp í tvö til þrjú ár og hefur verkefnastaðan verið góð.

Niðurstöður rannsókna og verkefna hafa verið birtar með margvíslegum hætti, t.d. með útgáfu fjölda skýrslna, pistla, rita og handbóka auk námskeiða og ráðgjafar til fyrirtækja og einstaklinga.


Þjónusta Rf við fiskiðnaðinn í formi mælinga hefur skipað stóran sess í rekstri stofnunarinnar. Rf er í beinum tengslum við fjölmörg fyrirtæki um land allt og útibúin á Ísafirði, Akureyri, Neskaupstað og Vestmannaeyjum eru mikilvægur hlekkur í starfsemi Rf.

Á árinu 2001 var kynnt Upplýsingaveita Rf undir heitinu “Á vísan að róa.” Um er að ræða nýja leið við að koma þekkingu Rf á framfæri. Unnið hefur verið að því að taka saman ýmsan fróðleik um veiðar og vinnslu íslensk sjávarfangs. Ætlunin er að byggja upp heilsteyptan gagnagrunn upplýsinga á heimasíðu Rf þar sem áhugasamir aðilar geta nálgast hagnýtan fróðleik á þessu sviði. Stefnt er að því að hafa efnið fjölbreytt og tæmandi þannig að flest það er viðkemur íslensku sjávarfangi verði þar til umfjöllunar. Upplýsingaveita Rf er viðamikil verkefni og ljóst að svo stóru verkefni verður seint að fullu lokið.



Í október sl. ákvað sjávarútvegsráðherra að setja af stað vinnu er hafði það að markmiði að auka verðmæti sjávarfangs (AVS) og ýta undir nýsköpun í greininni. Rf var falið að koma með tillögur er lúta að því með hvaða hætti slík vinna skuli unnin og tilgreina nauðsynlega samstarfsaðila innan og utan greinarinnar. Í desember sl. skilaði Rf tillögum sínum til sjávarútvegsráðherra og í framhaldinu var skipaður sérstakur stýrihöpur sem m.a. er ætlað að skilgreina verkefni sem aukið geta verðmæti sjávarafurða, leita fyrirmynda í erlendum verkefnum sama eðlis og setja mælanleg markmið

fyrir 5 ára áttak til að auka verðmæti sjávarfangs. Stýrihópurinn á að skila niðurstöðu í september 2002. Stjórnarformaður Rf var skipaður formaður og einn af starfsmönnum Rf ráðinn starfsmaður stýrihópsins. Rf fagnar heilshugar þessu frumkvæði sjávarútvegsráðherra og því hlutverki sem Rf er ætlað í undirbúnings- og rannsóknavinnu. Með ákvörðuninni er verið að leggja stefnumarkandi áherslu á þennan mikilvæga málaflokk. Mun það styrkja starfsemi Rf, enda um langtímaverkefni að ræða. Á sama tíma var kynnt nýtt skipurit fyrir sjávarútvegsráðuneytið er gengur í sömu átt og gefur þessum málaflokki enn aukið vægi.



Í umsögn sinni um væntanleg þrjú frumvörp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, tækniþróun og nýsköpun og vísinda- og tækniráð hefur Rf fagnað því að efla eigi vísindarannsóknir í landinu. Jafnframt lýsir stofnunin yfir áhyggjum vegna þess að litið hafi verið framhjá hagnýtum rannsóknum til að efla hefðbundið íslenskt atvinnulíf og þeim fórnað fyrir eflingu almennra rannsókna einstaklinga við háskóla. Núverandi kerfi hefur verið gagnrýnt fyrir mikið umfang og skrifinnsku miðað við þær lágu fjárhæðir sem um það hefur streymt. Í greinargerð með frumvörpunum er ekki gert ráð fyrir auknu fjármagni, heldur eiga fleiri aðilar möguleika á að sækja í það. Í frumvarpinu um opinberan stuðning við vísindarannsóknir eru boðaðar breytingar sem geta valdið miklum

samdrætti í rannsóknum á eiginleikum og hagnýtingu sjávarfangs.

Rekstrarafkoma Rf á árinu 2001 var neikvæð um 17,9 milljónir króna. Veltan skiptist þannig að framlag ríkisins var 130,8 milljónir og sértekjur 194,5 milljónir eða alls 325,3 milljónir. Gjöld voru alls 343,2 milljónir og þar af námu laun og launatengdir liðir 223 milljónir eða 64,8%. Höfuðstóll í árslok var neikvæður um 42,3 milljónir.

Á fyrri hluta ársins 2001 var orðið nokkuð ljóst hvert stefndi varðandi afkomuna. Ákveðið var að gera úttekt á rekstrinum og í framhaldinu var tekin ákvörðun um fækkun starfsmanna og breytingar á yfirstjórn.

Rekstur Rf á undanförunum árum hefur verið erfiður og hlutfall sértekna af heildartekjum hefur verið mjög hátt. Meðfylgjandi myndir sýna nánar veltu Rf frá 1990 til 2001 á uppreiknuðu verðlagi og hlutfallsskiptingu tekna.


Rekstrarhorfur fyrir næstu ár eru dökkar og áhrifa sparnaðaraðgerða fer fyrst að gæta eftir mitt ár 2002. Rf er með höfuðstöðvar í Reykjavík og rekin eru fjögur útibú á landsbyggðinni. Nokkur óvissa hefur verið um niðurstöður umsókna vegna rannsóknaverkefna og þær breytingar sem eru að verða á rannsóknaumhverfinu hérlandis og erlendis geta aukið á þá óvissu. Þá hefur samdráttur orðið í öflun sértekna. Mikils aðhalds hefur verið gætt varðandi rekstrarkostnað. Spurningar hafa hins vegar vaknað um rekstrarform stofnunarinnar og þá hvort takast megi að ná jafnvægi á milli tekna og gjalda miðað við núverandi ríkisframlag og rekstrarform. Ljóst er að óbreytt ástand, þ.e. taprekstur, er ekki valkostur og annað hvort þarf að auka framlag hins opinbera eða gera enn frekari breytingar á rekstrarformi Rf.

Flest bendir til þess að sjávarútvegur verði áfram mikilvægasta atvinnugrein þjóðarinnar. Einstök fyrirtæki hafa takmarkaða möguleika á að koma sér upp þekkingu og búnaði svo ná megi nauðsynlegum árangri á þessu sviði. En Rf hefur áratuga reynslu og þekkingu, víðtækan gagnagrunn og reynslumikið starfsfólk. Til að tryggja megi áframhaldandi samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs þarf að styðja við rannsóknir og nýsköpun.

Mikilvægt er að fundin verði lausn á rekstrarvanda Rf svo halda megi áfram þýðingarmiklu rannsóknahlutverki til hagsbóta fyrir sjávarútveginn allan og þjóðarbúið í heild sinni.


Kristján B. Ólafsson, forstjóri

Skipurit Rf



Þjónustusvið

Starfsemi þjónustusviðs árið 2001 var með líku sniði og undanfarin ár. Á þjónustusviði Rf er áhersla lögð á að veita skjóta og góða þjónustu, jafnframt því að tryggja gæði samkvæmt ströngustu kröfum. Framkvæmdar eru efna- og örverumælingar á ýmiskonar sjávarafurðum. Mælingar er lúta að efnasamsetningu og mati á gæðabáttum eru veigamestar. Þá er boðið upp á ýmsar örverumælingar til að fá upplýsingar um heilnæmi matvæla og hreinlæti við framleiðslu.



Viðskiptavinir þjónustusviðs eru aðallega fiskvinnslur, bæði smáar og stórar og þar eru rækjuvinnslur og fiskimjòlsframleiðendur með mest viðskipti.

Smærri fiskvinnslur koma með árleg sýni af framleiðslu sinni, vatni og ís sem notað er við vinnsluna í samræmi við kröfur Fiskistofu.

Hefðbundin, árleg úttekt faggildingaraðila, SWEDAC og Löggildingarstofu var framkvæmd í maí. Úttektin var að þessu sinni gerð samkvæmt nýjum staðli, ISO 17025. Sá staðall er breyting á staðlinum EN45001, sem m.a miðar að því að auka fyrirbyggjandi aðgerðir og greiningar á hugsanlegum vandamálum, viðbröð við þeim, val á aðferðum, sýnatöku o.fl.

Á árinu var tekin upp ný aðferð við mælingu á salti. Um er að ræða mælingu þar sem sjálfvirk títrun er notuð í stað þess að treysta eingöngu á augað og færni þess starfsmanns sem

framkvæmir mælinguna. Þetta auðveldar þjálfun nýrra starfsmanna og getur aukið samræmi. Aðferðin sjálf byggir að öðru leyti á sama grunni og áður. Leysanleg klórið eru títruð beint með silfurnítrati. Silfurelektróða og títrator frá Metrohm eru notuð til að ákvarða jafnvægispunkt.

Í sýnabókhalda Rf er haldið utan um skráningar á sýnafjölda og mælingafjölda. Skráningarkerfið hefur verið í notkun frá miðju ári 1999 og hefur nákvæmni skráninga sífellt verið að aukast. Á árinu 2001 voru 13.358 sýni skráð í kerfið, en fjöldi mælinga sem framkvæmdar voru á þessum sýnum voru 59.239. Til samanburðar má geta að sýnafjöldi árið 2000 var 12.528.

Skipting mælinga á milli Reykjavíkur og útibúanna er nokkuð stöðug og hefur verið þannig í nokkur ár, en athygli vekur að Akureyrarútibúið sækir nú á. Virðist þar vera að skila sér sú áhersla sem lögð hefur verið undanfarin ár á að auka þjónustu útbúsins við matvælaíðnaðinn á Norðurlandi. Hins vegar hefur útibúið í Vestmannaeyjum átt í nokkrum erfiðleikum og enduspeglar það erfiðleika sem hafa steðjað að fiskiðnaði þar.

Rannsóknarsvið

Hlutverk rannsóknarsviðs Rf er að stuðla að aukinni samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs, fiskvinnslu og annarra matvælafyrirtækja með rannsóknum og þróunarstarfi. Með rannsóknum sínum, oft í nánú samstarfi við innlenda sem erlenda aðila, hefur Rf stuðlað að vexti nýrra framleiðslugreina og styrkt þá þætti sem fyrir voru.

Jafnframt því að stunda rannsóknir í þágu matvælaíðnaðar á Íslandi er miðlun þekkingar og fræðsla einnig verulegur þáttur í starfsemi Rf.

Árið 2001 stunduðu ellefu nemendur meistaranám undir leiðsögn sérfræðinga rannsóknarsviðs. Sex stunduðu nám í matvælafræði, þrjár í sjávarútvegsfræðum og tveir í iðnaðarverkfræði. Fimm þessara nemenda luku meistaranámi á árinu. Loks má geta þess að tveir doktorsnemar, annar í örverufræði og hinn í iðnaðarverkfræði, unnu að rannsóknum sínum í tengslum við Rf.

Rf sér einnig að hluta til um kennslu við Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, en skólinn hóf starfsemi árið 1998. Skólinn er hluti af Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU) og er það Hafrannsóknastofnun sem hefur veg og vanda af rekstri skólans hér á landi.

Þá hafa hér á undanförunum árum starfað erlendir nemendur á vegum Leonardo Da Vinci áætlunar ESB um verknám, starfsþjálfun og símenntun og var einn slíkur nemandi á Rf árið 2001.

Niðurstöður kynntar

Verkefni rannsóknarsviðs árið 2001 voru af ýmsu tagi. Starfsfólk sviðsins vann áfram að eldri verkefnum og byrjað var á mörgum nýjum. Fjármögnun verkefnanna var með svipuðum hætti og á síðustu árum, þ.e. stærstu verkefni voru fjármögnuð af RANNÍS, ESB og norrænum sjóðum. Mörg verkefni voru unnin í samstarfi við innlend matvælafyrirtæki, oft fjármögnuð að hluta með styrkjum frá RANNÍS.

Árið 2001 voru niðurstöður úr rannsóknarverkefnum kynntar í skýrslum Rf, sem voru tæplega 40 á árinu. Þá birtust greinar í vísindatímaritum, bókum og ráðstefnuritum þar sem starfsmenn sviðsins voru aðal- eða meðhöfundar. Nokkrar greinar birtust og í innlendum fagtímaritum og dagblöðum, ekki síst í tímaritinu Ægi. Loks má nefna fjölda ráðstefna og funda, bæði innanlands og utan, þar sem starfsfólk rannsóknarsviðs Rf fluttu erindi og kynntu ýmis verkefni sem það vinnur að.

Starfsemi sviðsins er skipt í þrjá verkþópa: Gæði og stöðugleiki, umhverfi og hollusta og vinnsla og nýsköpun.

Hér á eftir verður fjallað stuttlega um verkþópána þrjá og greint í stuttu máli frá nokkrum verkefnum sem lokið var við árið 2001.

Gæði og stöðugleiki

Markmið hópsins er að auka gæði og stöðugleika fisks og fiskafurða. Rannsóknir miða að því að afla þekkingar á þeim breytingum sem verða á matvælum frá öflun hráefna til neyslu afurða og áhrifum þeirra á gæði og stöðugleika. Áherslusvið eru m.a. rannsóknir á áhrifum árstíma, veiðiaðferða, hráefnismeðhöndlunar, vinnslu og nýrra geymsluaðferða á stöðugleika afurða. Einnig er lögð áhersla á rannsóknir og öflun upplýsinga um stöðugleika nýrra afurða úr vannýttu hráefni og fisktegundum. Sem dæmi má nefna þróun nýrra stöðugra próteinafurða og leiðir til að auka geymsluþol þeirra, m.a. með notkun þráavarnarefna. Þróun nýrra aðferða til að meta gæði matvæla og öflun upplýsinga um gæði og rekjanleika eru verulegur þáttur í verkefnum hópsins

Aukin áhersla er einnig á rannsóknir varðandi gæðastýringu eldisfisks, m.a. með því að kanna áhrif fôðurs, eldisaðferða og slátrunar á gæðapætti eldisfisks o.fl.

Flest verkefni hópsins eru fjármögnuð með styrkjum frá Evrópusambandinu, Norræna iðnaðarsjóðnum eða Rannís. Á árinu 2001 var m.a. lokið við þrjú viðamikil verkefni: Rannís-verkefni, sem fjallaði um stöðugleika íslensks fiskmjöls, lauk í júní og fékkst nýr stykur til áframhaldandi rannsókna á þessu sviði. Í lok ársins lauk einnig þriggja ára verkefni um verkun þorskhrogna sem styrkt var af Norræna iðnaðarsjóðnum. Þá lauk Evrópuverkefni um vinnslu holds úr túnfiskhausum.

Verkefni # 1290:

Stöðugleiki íslensks loðnumjöls.

Verkefnisstjóri á Rf:

Margrét Bragadóttir

Verkefnið var styrkt af Tæknisjóði Rannís og var samstarfsverkefni Rf og SR-mjöls hf. Þetta verkefni, sem jafnframt var meistaraverkefni í matvælafræði við Háskóla Íslands, hófst í apríl 1998 og því lauk í júní 2001.

Markmið verkefnisins var að leita svara við spurningunni: Hvaða þættir einkenna og takmarka

stöðugleika loðnumjòls? Þetta var gert með því að fylgjast með efnasamsetningu, gæðum og geymsluþoli bæði loðnu og loðnumjòls eftir árstíma.


Árstíðabreytingar í efnasamsetningu loðnu og loðnumjòls voru kortlagðar í þessu verkefni, svo og áhrif mjölvinnslu á magn þráahindra og þráahvata. Margvíslegar niðurstöður komu fram varðandi stöðugleika loðnumjòls. Stöðugleikinn reyndist vera minnstur að hausti, en mestur að vetri og vori. Niðurstöður gáfu til kynna að haustmjòli væri hættast við þránun vegna þess að þá er loðnan feitust. Á sama tíma er efnasamsetning fitunnar óhagstæð gagnvart þránun, með hátt innihald af ómettuðum fitusýrum en lágt af náttúrulegum þráahindrum. Vísbendingar komu fram um að tókóferól væri mikilvægur náttúrulegur þráahindri í loðnu og loðnumjòli, ásamt astaxantíni. Afrakstur verkefnisins er gagnagrunnur um efnasamsetningu loðnu og loðnumjòls. Niðurstöður verkefnisins eru teknar saman í meistaraþrófsritgerð: Margrét Bragadóttir. 2001. On the stability of Icelandic capelin meal. Háskóli Íslands.

Verkefni # 1291: Verkun hroгна
Verkefnisstjórar á Rf:
Emilía Martinsdóttir og Rósa Jónsdóttir

Verkefnið var styrkt Norræna iðnaðarsjóðnum og stóð í rúm þrjú ár. Þátttakendur í verkefninu voru fyrirtækin Mills DA í Osló í Noregi, Bakkavör Group á Íslandi og rannsóknaraðilar voru auk Rf, SINTEF og NTNU í Þrándheimi í Noregi. Stjórn verkefnisins skipuðu fulltrúar Bakkavör Group og Mills DA en verkefnisstjóri var Ivar Storrø hjá Mills DA.

Markmið verkefnisins var að auka hagkvæmni við geymslu, verkun og framleiðslu saltaðra þorskhrogn, bæta gæðastýringu, auka nýtingu og draga úr mannafla við vinnslu. Í verkefninu voru þorskhrogn verkuð á mismunandi hátt og geymd við mismunandi aðstæður.

Markmið rannsókna Rf var að fylgjast með verkun þorskhroгна með skynmati, gasgreinirannsóknnum (GC/O og GC/MS) og mælingum með rafnefi. Tilgangur þess var að nýta þá þekkingu sem skapaðist til að skilgreina bragð og lyktareinkenni fullverkaðra hroгна. Þá voru og kannaðir möguleikar á að nota rafnefið FreshSense sem hraðvirkra aðferð til að fylgjast með ferskleika hráefnis og verkun hroгна.



Í verkefninu náðist fram þekking og skilningur á efnum sem valda bragði- og lyktareinkennum við verkun matvæla með samanburði á skynmati gasgreinirannsóknnum og rafnefi. Rafnefið reyndist handhægt og hraðvirkt tæki til að mæla ferskleika hroгна fyrir verkun.

Verkefnið var m.a. kynnt á þremur veggspjöldum á ráðstefnu Norræna iðnaðarsjóðsins "The Future for Nordic Food Innovation in a European Context" í Stokkhólmi í janúar 2001. Hluti af niðurstöðum verkefnisins munu verða birtar í rittrýndum greinum.

Verkefni # 1326: Vinnsla holds úr
túnfiskhausum
Verkefnisstjóri á Rf:
Margrét Geirsdóttir

Verkefnið, sem var styrkt af Evrópusambandinu (CRAFT 98-9079), hófst í mars 1999 og lauk um mitt ár 2001. Verkefnið var svonefnt CRAFT-verkefni, en það er sérstakt átak fyrir minni fyrirtæki sem ekki hafa rannsóknar- og þróunaraðstöðu. Íslenskir samstarfsaðilar, sem tóku þátt í verkefninu voru, auk Rf, fyrirtækin A.M. Sigurðsson og Scanver. Erlendir þátttakendur voru frá Spáni: Fiskiðnaðardeild Háskólans í Santiago de Compostella, verkfræðiskrifstofa, smiðja og túnfiskverksmiðja.

Meginmarkmið verkefnisins var að þróa sjálfvirkan vélbúnað til að nýta kjöt af túnfiskhausum. Aðalhlutverk rannsóknaraðila var að framkvæma mat á tækjabúnaði og afurðum frá vélinni. Ítarlegar efna-, örveru- áferðarmælingar voru gerðar og skynmat framkvæmt. Rf kom að þróun og mati á búnaðinum, mælingum á eiginleikum túnfiskkjöts ásamt umfangsmikilli verkefnastjórnun.

Afrakstur verkefnisins er vél sem fjarlægir kjöt af túnfiskhausum á sjálfvirkan hátt. Einnig fékkst í verkefninu þekking á eiginleikum kjöts af túnfiskhausum en þeir voru óþekktir fyrir. Reyndist kjötið standast gæðakröfur sem gerðar eru til túnfisks hvað viðkemur innihaldi á histamíni, snefilefnum, örverum og lífefnafræðilegum niðurbrotsefnum. Einnig reyndist kjöt af túnfiskhausum vera bragðmeira og

mýkra en hefðbundinn túnfiskur. Í verkefninu var unnið að gerð kynningarefnis fyrir vélina og áætlun fyrir markaðssetningu hennar.

Umhverfi og hollusta

Hlutverk hópsins er að stunda rannsóknir og veita ráðgjöf um fyrirbyggjandi aðgerðir þannig að neytendum séu tryggð heilnæm matvæli, framleidd á þann hátt að umhverfið hljóti sem minnstan skaða af.

Markmið hópsins er að stuðla að sjálfbærri þróun í sjávarútvegi til að tryggja hámarksafkastur lifandi auðlinda í efnahagslegu tilliti til langframa, án þess að lífríki hafsins sé ógnað.

Á meðal þeirra verkefna sem lokið var við árið 2001 má nefna norrænt verkefni sem miðaði að því að rannsaka hvernig notkun timburs er háttáð í nútíma matvælaframleiðslu og kanna hvort eitthvað sé hæft í þeim staðhæfingum að timbur sé lakara efni hvað þetta varðar en t.d. stál og plast.

Umhverfismál eru ávallt fyrirferðamikill þáttur í verkefnum hópsins og þessi misserin tekur Rf þátt í viðamiklu verkefni sem nefnist ORKUSPAR. Þetta verkefni miðar að því að safna saman upplýsingum um alla þá þætti sem áhrif hafa á olíunotkun í sjávarútvegi og hanna síðan hugbúnað sem getur nýst til að draga úr orkunotkuninni.

Síðast en ekki síst má geta verkefnis um stýringu örveruflóru í lúðueldi, en það verkefni hlaut hæsta styrk frá RANNÍS árið 2001.

Verkefni 1399. Notkun á timbri í matvælaíðnaði. Verkefnisstjóri á Rf: Birna Guðbjörnsdóttir


Síðastliðin 3 ár hefur verið unnið á Rf að norrænu samstarfsverkefni um timbur í matvælaframleiðslu og lýkur með ráðstefnu þann 8. apríl 2002 í Kaupmannhöfn.

Timbur er víða notað í fiskvinnslu og í flutningsferli fisks og annarra matvæla hér á landi. Sömu sögu er að segja úr matvælaframleiðslu í öðrum löndum. Timbur er hins vegar á undanhaldi hérlendis og erlendis og vikur fyrir öðrum efnum í nafni krafna um hreinlæti og heilnæmi í framleiðslu og flutningum. Það getur verið dýrt að skipta timbrinu út fyrir önnur efni, þar sem það er notað. Yfirvöld hafa mestar áhyggjur af mengun af völdum örvera því tré er gljúpt og getur dregið til sín raka, lífræn efni og örverur. Plast hefur að mestu leyti leyst tré af hólmi í flötum sem eru í

beinni snertingu við matvæli. Lítil vísindaleg rök hafa oft á tíðum verið fyrir þessum breytingum. Nú er búið að safna ýmsum upplýsingum og þær birtar í skýrsluformi á vegum norræna verkefnisins og er megin tilgangurinn að tryggja að þetta náttúru efni fái réttláta meðferð í reglugerðum og verklagsreglum til að koma í veg fyrir að fyrirtæki séu neydd til fjárfrekra breytinga að tilefnislausu. Niðurstöður þessa verkefnis benda til þess að timbur sé í mörgum tilfellum alla vega jafn gott og ef ekki betra en sum þeirra efna sem hafa leyst það af hólmi t.d. ýmis konar plastefni. Hlutverk Rf í þessu verkefni hefur verið að kanna viðloðun baktería við mismunandi timbur og uppsöfnun óhreininda á trébrettum við endurtekna notkun í iðnaðinum. Einnig hefur mismunandi meðhöndlað límitré ætlað sem byggingarefni verið skoðað yfir tveggja ára tímabil.

Verkefni 1508: ORKUSPAR-hugbúnaður til að bæta orkunýtingu í skipum og fiskiðnaði í landi. Verkefnisstjóri á Rf: Eva Yngvadóttir

Árið 2000 fengu Íslendingar styrk til tveggja ára, í samvinnu við Svía og Norðmenn, úr SAVE áætlun Evrópusambandsins. Tilgangur SAVE áætlunarinnar er að stuðla að bættri orkunýtingu og auknum orkusparnaði í Evrópu. Verkefnið heitir Orkuspar (an energy efficiency improvement simulator), sem hefur það markmið að þróa hugbúnaðarkerfi (hermi) til að bæta orkunýtingu um borð í skipum (fiski- og flutningaskipum) og í fiskiðnaði í landi.



Hermirinn/hugbúnaðurinn mun safna saman gögnum og flokka þau, þannig að auðvelt verði að nýta við áætlanagerð. Hann mun verða e.k. hjálpartæki, sem á að auðvelda ákvarðanatöku með tilliti til orkunotkunar. Hermirinn mun líkja

eftir ýmsum mælingum og reikna út ýmsa fjárhags- og umhverfislega þætti og sýna hvernig olíunotkun skips breytist með breyttum aðstæðum, t.d. mismunandi veiðarfærum, toglóð, aflamagni og stjórnun skips. Með þessum hermi geta allir þeir aðilar sem koma að veiðum og flutningum aukið skilning sinn á notkun og nýtingu orku. Hægt er að segja að helsta markmið þessa verkefnis sé að draga á sjálfbærán hátt úr losun skaðlegra gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið og um leið að ná þeim markmiðum, sem sett voru fram í Kyoto bókuninni og í íslenska ákvæðinu.

Hermirinn er sérstaklega ætlaður skipahönnuðum, stjórnendum í fiskvinnslu, útgerðarfyrirtækjum, skipafyrirtækjum, rannsóknastofnunum í fiskiðnaði, tækniskólum og háskólum.

Þátttakendur í verkefninu koma víða að: Frá Svíþjóð eru þátttakendur frá Svensk Energi, Energivision AB og Fiskeriverket og frá Noregi er það Vestlandsforskning. Frá Íslandi eru það Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Tækniskóli Íslands, Orkustofnun, Grandi hf og Skipatækni ehf. Einnig kemur VER Skiparáðgjöf ehf að verkefninu. Stjórn verkefnisins er í höndum Rf.

Þeir þættir sem hafa áhrif á olíunotkun við fiskveiðar eru t.d. lögun og stærð skips, stærð aðalvélar, tegund veiðarfæra, hvernig veiðarfærum er beitt, veiðisvæði, verklag skipstjóra, afli, veðurfar, keyrsla skips ofl. Með því að fara yfir hvert atriði af kostgæfni og skipuleggja sparnaðaraðgerðir má hugsanlega draga verulega úr orkunotkun við veiðar og vinnslu um borð. Hugbúnaðarkerfi, sem heldur utan um og vinnur úr þeim gögnum sem safnast, mun verða gagnlegt verkfæri fyrir skipstjórnendur og mun auðvelda þeim að halda utan um orkunotkun skipsins og spá fyrir um orkunotkunina. Utgerðarstjórar og ráðgjafar munu geta nýtt sér slíkt hugbúnaðarkerfi við nýsmíði, breytingar á skipum, við val á veiðarfærum, við endurmenntun skipstjórnarmanna o.s.frv.

Orkuspánefnd gerir ráð fyrir ýmsum breytingum við fiskveiðar á næstu árum. Þar má nefna meiri afla á úthaldsdag, bætt veiðitækni, betri orkunýtingu, meiri stjórn á aflasókn með hjálp hugbúnaðarkerfa, og endurnýjun skipaflotans. Evrópuverkefnið Orkuspar er gott innlegg í þessa framtíðarumræðu um að minnka orkunotkun í fiskiðnaði og flutningum.

Vinnsla og nýsköpun

Hlutverk þessa verkþóps er að stuðla að þróun og nýsköpun í sjávarútvegi og öðrum matvælaíðnaði og auka þannig verðmæti sjávarfangs og annarra matvæla. Innan hópsins er unnið að þróun og uppbyggingu, bæði í fisk- og kjötiðnaði og eru verkefni margvísleg og eru styrkt af ýmsum sjóðum og öðrum styrktaraðilum.

Sífelld meiri áhersla er lögð á það að vel sé gengið um náttúruauðlindir í heiminum, sem margar hverjar fara þverrandi. Á tímum minnkandi fiskistofna og aflaheimilda liggur þannig beinast við að leitað sé leiða til að nýta það hráefni sem við höfum á sem bestan hátt. Ein leiðin er t.d. að bæta meðhöndlun og nýtingu hráfnisins og koma í veg fyrir rýrnun, önnur leið er að þróa verðmætari afurðir úr ódýru hráefni, eins og aukaafurðum og bræðslufiski. Þriðja leiðin er að stýra sem best úrvinnslu hráefna miðað við breytileika í vinnslueiginleikum og samspili þeirra við aðra efnisþætti í unnum matvælum.

Verkefni #1533: Stýring örveruflóru Verkefnisstjóri á Rf: Rannveig Björnsdóttir

Þetta verkefni er beint framhald annars verkefnis, Örveruflóra eldislúðu (#1353), sem lauk á síðasta ári. Má geta þess að nýja verkefnið hlaut hæsta styrk frá RANNÍS árið 2001, samtals 12 milljónir króna til tveggja ára.

Við startfóðrun lúðulirfa eru notaðir þörungar til þess að skaparéttar umhverfisaðstæður í startfóðrunarkerjunum (skygging). Aukið lífrænt álag í startfóðrunarkerjum skapast bæði af fóðrinu sem lifurnar fá (svifdýrum), úrgangi frá lifrunum sjálfum og þörungunum sem bætt er í kerin.

Niðurstöður fyrra verkefnisins sýndu að verulega má minnka lífrænt álag með því að fækka fjölda bakteria í fóðri, eldisvökva og umhverfi lúðulirfanna. Markmið þessa verkefnis er að minnka lífrænt álag í startfóðrunarkerjunum enn frekar með því að nota ólífæn efni í stað þörungna til þess að skapa réttar umhverfisaðstæður fyrir lifurnar.

Í verkefninu verður m.a. rannsakað hvort unnt er að nota ólífæn efni að hluta til eða alveg í stað þörungna við startfóðrun lúðulirfa og ennfremur hvort breytt samsetning örveruflóru (notkun probiotika) geti hamlað vexti ríkjandi og óæskilegrar bakteríuflóru við startfóðrun lúðulirfa.

**Verkefni #1432: Fisksósa úr loðnu, áhrif
árstíðabreytinga.
Verkefnisstjóri á Rf:
Kristberg Kristbergsson**

Þetta verkefni var að mestu leyti fjármagnað af Tæknisjóði Rannsóknaráðs Íslands og Rf og var unnið sem meistaranámsverkefni Gústafs Helga Hjálmarssonar í matvælafræði við Háskóla Íslands. Samstarfsaðilar Rf í verkefninu voru Oregon State University (OSU) og Háskóli Íslands. Verkefnið hófst árið 1999 og því lauk árið 2001.



Markmið þessarar rannsóknar var að auka verðmæti loðnu með því að nýta hana sem hráefni í fisksósu, sem er einsleitur brunn vökví með einkennandi lykt og bragð. Gæði sósunar stjórnast m.a. af lit hennar og þykir hún betri eftir því sem hún er dekkri. Fisksósa er framleidd með gerjun á smáfiski og er verðmæt og mikið notuð afurð, t.d. víða í Asíu.

Við hefðbundinn vinnsluferil er fiski og salti blandað saman í hlutföllunum 4:1 til 3:1 og blöndunni er síðan komið fyrir í tönkum til gerjunar í 12 til 18 mánuði við 30 til 40°C. Fisksósan er síðan síuð frá og tappað á flöskur eða gerjuð áfram, hver og ein tegund hefur einkennandi bragð og lykt sem ræðst af vinnsluferlinum og hráefninu. Tilgangur þessarar rannsóknar var að þróa vinnsluferil þar sem loðna er notuð sem hráefni í fisksósu, án viðbættra ensíma, og einnig að skoða áhrif árstíðabreytinga, stytta gerjunartímann og draga úr saltinnihaldi lokaafurðar.

Niðurstöðurnar benda til þess að loðna af sumarvertíð sé ákjósanlegur kostur sem hráefni í fisksósu. Fisksósa úr sumarloðnu hafði próteinmagn, lit, lykt og bragð eins og best þekkist í fjöldaframleiddum tegundum þessarar vöru og með nýjum vinnsluferli var hægt að minnka saltinnihald hennar um allt að helming. Niðurstöður þjálfaðs skynmatshóps við Oregon


State University flokkaði fisksósu úr loðnu í hóp með vel þekktri, fjöldaframleiddri, fisksósu (Nampla, Thailand), þar sem bragð, útlit og lykt réðu gæðaflokkun hennar. Niðurstöður rannsóknarinnar eru kynntar með greinaskrifum í innlend tímarit og erlend ritrýnd tímarit. Verkefnið var einnig kynnt á árlegri ráðstefnu IFT (Institute of Food Technologists) sem haldin var í júní 2001.

**Verkefni # 1491: Nýting og stöðugleiki
aukahráefnis frá þorskfiskum
Verkefnisstjóri á Rf:
Sigurjón Arason**

Þetta er Evrópuverkefni sem unnið er í samstarfi við fyrirtæki og rannsóknastofnanir í eftirtöldum löndum: Noregi, Danmörku, Írlandi, Frakklandi, Hollandi og Íslandi. Fyrirtækið Genís hf er samstarfsaðili Rf í verkefninu hér á landi.

Í verkefninu er unnið að því að greina nýja möguleika varðandi nýtingu þess aukahráefnis sem fellur til við fiskvinnslu. Með aukahráefni er átt við afurðir eins og innnyfli, roð, hausa og afskurð. Hingað til hefur þessi hluti aflans verið vannýttur eða notaður í framleiðslu á ódýrari vöru.

Markmið verkefnisins er að þróa aðferðir til að skilja aukahráefninu í sundur, s.s. lifur frá öðrum hluta innnyfla og að hanna búnað sem nýtist í fiskiskipum við slíkt. Greina á efnasamsetningu hinna mismunandi aukaafurða til hlítar. Stefnt er að því að þróa nýjar aðferðir til vinnslu íblöndunarefna og einangrunar á efnasamböndum sem gætu nýst í líftækni- og lyfjaiðnaði. Möguleikar á framleiðslu slíkra afurða verður metinn með hliðsjón af markaðsmöguleikum þeirra. Gildi verkefnisins felst því bæði í nýjungum í vinnslubúnaði og þróun afurða í verðmætar afurðir sem nýst gætu í matvæla-, lyfja- og líftækniidnaði.



Fyrsta áfanga af þremur er lokið í verkefninu og var í þeim hluta lögð áhersla á að safna hráefni fimm fisktegunda, sem veiddust á mismunandi veiðisvæðum og mismunandi árstímum. Í næsta

áfanga verður hráefnið síðan efnagreint m.t.t. fitu og próteina og einnig verða eðliseiginleikar efnanna greindir með notagildi þeirra í huga. Einnig verður unnið að þáttum eins og vinnslu-, geymslu- og flutningatækni, en sú þekking sem fæst úr þessum hluta mun vonandi skila sér bættri nýtingu á þessum aukahráefnum.

Verkefni # 1497: Holdafar þorsks, vinnslunýting og vinnslustjórnun Verkefnisstjóri á Rf: Sigurjón Arason

Markmið þessa verkefnis, sem unnið var í samvinnu við Hafrannsóknastofnun, Háskóla Íslands og Fiskistofu, voru að rannsaka samband holdafars og flakanýtingar hjá þorski og að kanna breytileika í holdafari þorsks og nýtingastuðlum hans eftir tímabilum og veiðisvæðum. Til að ná þessum markmiðum voru gerðar þrjár aðskildar rannsóknir: Samband holdafars og flakanýtingar var rannsakað í vinnslulínu hjá Haraldi Böðvarssyni hf., breytileiki í holdafari var rannsakaður með gögnum frá Hafrannsóknastofnuninni og nýtingarmælingar sjómanna á vinnsluskipum voru notaðar til að kanna breytileika í flakanýtingu, en þær upplýsingar eru í vörslu Fiskistofu.

Eitt af því sem einkennir þessa rannsókn er hve mikil gögn liggja að baki mælingunum. Í rannsókninni á tengslum holdafars og flakanýtingar voru 152 fiskar rannsakaðir, en í rannsókninni á breytileika í holdafari úr stofnmælingum Hafrannsóknastofnunarinnar voru alls 34.422 fiskar skoðaðir. Í rannsókninni á breytileika á nýtingu voru alls 5.316 nýtingarmælingar skoðaðir, en hver þeirra er 10 fiska mæling. Það voru því alls 87.734 þorskar sem lögðu rannsókninni lið.

Niðurstöður verkefnisins voru m.a. þær að flakanýting eykst marktækt með auknu holdafari. Holdafar þorsks á Íslandsmiðum var árið 2001 nálægt meðaltali síðustu 9 ára þar á undan og var þorskur í betri holdum á árunum 1993-1996 en 1997-1999. Holdafar þorsks er lægra í október en í mars, nema hjá minnsta þorskinum og eykst munur á holdafari að vori og hausti með lengd. Holdmesti þorskurinn veiðist á miðunum suðaustur af Íslandi, en holdminnsti við Norðurland og við Vestfirði. Flakanýting vinnsluskipa reyndist vera hæst frá desember til apríl en lægst yfir sumarmánuðina. Flakanýting er hæst við Austurland en lægst við Norðurland og Vestfirði.

Með þeirri þekkingu sem aflaðist í verkefninu er mögulegt að veiða fisk sem gefur verðmætari afurðir. Auk þess að vinna verðmætari afurðir má um leið auka framleiðni, því framleiðsla afurða á hvern manntíma eykst einnig ef verið er að vinna holdmeiri fisk. Afrakstur má einnig auka vegna þess að hver fiskur gefur meira af sér í afurðir til neytenda og standa færri fiskar að baki leyfilegum heildarafla. Þannig leggur hver einstakur íslenskur þorskur meira af mörkum fyrir þjóðarbúið og til heimsneyslu sjávarafurða.

Í ágúst 2001 var gefin út í verkefninu skýrsla er nefnist "Holdafar þorsks, vinnslunýting og vinnslustjórnun." Höfundar skýrslunnar eru þeir Brynjólfur Eyjólfsson, Sigurjón Arason, Gunnar Stefánsson og Guðjón Þorkelsson.

Verkefni # 1340: Þurrkuð loðna til manneldis Verkefnisstjóri á Rf: Páll Gunnar Pálsson

Þetta verkefni, sem var styrkt af Evrópusambandinu (FAIR CT 989069), hófst í nóvember 1998 og lauk í febrúar 2001. Verkefnið var samstarfsverkefni tíu aðila í Evrópu og Afríku. Fjögur íslensk fyrirtæki tóku þátt í verkefninu: Hönnun hf., Síldarvinnslan hf., Naustin ehf. og Rf, en verkefnisstjórn var í höndum Hönnunar hf. Erlendu aðilarnir voru Heindl Maschinenbau í Þýskalandi, Fraunhofer Institut für Verfahrenstechnik und Verpackung í Þýskalandi, DFFU í Þýskalandi, CSIR í Suður-Afríku, Probenius í Danmörku og OF í Bretlandi.

Meginmarkmið verkefnisins var að framleiða þurrkaða loðnu sem væri hæf til manneldis og gæti geymst án kælingar við erfiðar aðstæður í Afríku í a.m.k. 4-6 mánuði. Tekið var á flestum þáttum framleiðsluferilsins frá veiðum til afurðar, reyndar voru aðferðir við að salta loðnu í stað frýstingar og útvatna hana síðan fyrir þurrkun. Sú aðferð gaf ekki nægjanlega góða afurð svo brugðið var á það ráð að nýta frýst hráefni sem þæklað var fyrir þurrkun. Eftir nokkrar tilraunir með þækluð, þurrkun og þökkun þá tókst að skipuleggja framleiðsluferli sem skilaði góðri afurð. Sýni voru send til Afríku og fengust mjög jákvæðar niðurstöður varðandi geymslu- og neysluhæfni vörunnar. Niðurstaða verkefnisins er afurð sem hægt er að vinna áfram með, því svo virðist sem markaður sé nægur og ekki er að sjá að hráefni skorti meðan vel veiðist af loðnu hér við land.

Upplýsingasvið

Verulegar breytingar urðu á fyrirkomulagi upplýsinga- og fræðslumála á Rf á árinu 2001. Ákveðið var að leggja upplýsingasvið niður og sameina þá starfsemi sem þar fór fram öðrum sviðum Rf. Í kjölfar breytinganna var stofnaður upplýsingahópur innan rannsóknarsviðs Rf og er hlutverk hópsins söfnun, varðveisla, úrvinnsla og dreifing upplýsinga um innlandar og erlendar rannsóknir sem tengjast matvælum. Tölvuþjónusta, sem áður heyrði undir upplýsingasvið, var sameinuð rekstrarsviði stofnunarinnar.

Líkt og á undanförunum árum voru eftirtaldir málaflokkar í umsjá upplýsingahóps:

- kynningar- og markaðsmál
- útgáfumál
- námskeiðahald
- þjónusta við menntastofnanir, þ.á.m. Sjávarútvegsháskóla S.Þ.
- bókasafn

Í byrjun árs var ný heimasíða Rf, www.rf.is, tekin í notkun. Tækifærið var notað til að brydda upp á ýmsum nýmælum, s.s. að birta stuttar fréttir úr matvælaíðnaði, bæði innlandar og erlendar, í bland við fréttatilkynningar af starfsemi Rf og vakti það töluverða athygli. Þá var meiri áhersla lögð á að kynna rannsóknarverkefni á heimasíðunni og ýmislegt fleira.



Loks má geta þess að í tilefni breytinganna var ákveðið að setja eldri skýrslur og rit Rf, þ.e. það efni sem ekki er af einhverjum orsökum trúnaðarupplýsingar, í ríkari mæli en áður út á netið, þar sem áhugasamir geta skoðað það sér að kostnaðarlausu. Talsverð vinna er hins vegar fólgin í því að setja allt eldra efni stofnunarinnar í pdf-skjöl og því mun þessi vinna taka talsverðan tíma.

Upplýsingaveitu Rf, e.k. gagnabanki um flest það sem varðar vinnslu á sjávarafurðum, var hleypt af stokkunum á árinu. Nefnist þetta framtak "Á

vísan að róa - Upplýsingaveita Rf." Þar er m.a. að finna fróðleik um fisktegundir, vinnslu þeirra, o.fl. Gagnabanki þessi byggir að miklu leyti á þeirri þekkingu og gögnum sem Rf hefur aflað sér með áratuga rannsóknum á þessu sviði og af nógu er að taka..

Ákveðið var að hætta útgáfu Rf tíðinda, fréttablaðs Rf, sem gefið hefur verið út 2-3 á ári á undanförunum árum.

Tvær s.k. Rf-skýrslur komu út árið 2001, sem er veruleg fækkun frá árinu á undan, en þá voru þær 10. Hins vegar komu á árinu út 37 s.k. verkefnaskýrslur, en þær voru 20 árið 2000. Auk þess voru ritaðar nokkrar ráðgjafarskýrslur og aðrar greinargerðir fyrir ýmis fyrirtæki og stofnanir, þannig að samtals voru skýrslurnar á árinu á fimmta tug, sem er töluverð aukning frá árinu 2000. Ákveðið hefur verið að frá ársbyrjun 2002 verði hætt að flokka skýrslunar (Rf-skýrslur, Rf-verkefnaskýrslur), heldur verður eingöngu um að ræða Rf skýrslur, hvort sem um lokaskýrslur eða áfangaskýrslur er að ræða.

Námskeið voru eingöngu haldin fyrir fyrirtæki á árinu. Ennfremur auglýsti Rf nokkur s.k. almenn námskeið fyrri hluta ársins en þátttaka var það dræm að ekki þótti svara kostnaði að auglýsa og halda fleiri slík námskeið. Hugsanlegt er að ein ástæðan sé sú að eftir þann mikla fjölda námskeiða, sem Rf hefur boðið upp á og haldið á undanförunum árum, sé markaður fyrir slíkt einfaldlega mettaður, enda ekki stór fyrir. Þá er og til þess að líta að ýmsir aðrir aðilar sinna fræðslumálum fyrir sjávarútveg og annan matvælaíðnað, opinberir aðilar jafnt sem einkafyrirtæki.

Loks er að geta Evrópuverkefnisins Flair Flow, en það gengur út á að dreifa upplýsingum til fyrirtækja, heilbrigðisstétta, neytenda o.fl. um rannsóknir sem fara fram víða í Evrópu og styrktar eru af ESB. Rf hefur verið þátttakandi í þessu verkefni síðan árið 1994. Fjórði hluti FF-verkefnisins hófst í ársbyrjun 2001 og stendur til ársloka 2003.

Starfsemi útibúa

Ísafjörður

Ákveðnum stöðugleika hefur verið náð í vinnsluhluta sjávarútvegs á starfsvæði útíbúsins og það byggir vel undir reksturinn.

Starfsemi á þjónustusviði var fyrirferðarmest í rekstri útíbúsins. Borið saman við árið 2000 varð aukning á veltu um 1,6 milljón króna.

Starfssemi á rannsóknarsviði á Ísafirði var nokkur á liðnu ári og voru þar tvö megin verkefni, annað tengist *Listeriu* í rækjuíðnaði og hitt áframeldi á smáþorski.

Starfssemi upplýsinga- og ráðgjafasviða var með svipuðu sniði og verið hefur, þ.e. haldin voru námskeið og unnið í nokkrum ráðgjafaverkefnum.

Starfsmenn útíbús Rf á Ísafirði voru þrír á árinu 2001.

Akureyri

Starfssemi þjónustusviðs, sem er stærsti þátturinn í rekstrinum, fór vaxandi, en einnig var unnið að nokkrum rannsóknarverkefnum, m.a. á sviði hreinlætis og fiskeldis.

Samstarf við Háskólann á Akureyri var með sama sniði og áður, tveir sérfræðingar Rf eru í hálfu starfi hjá HA og sinna kennslu og rannsóknum.

Allmikið undirbúningsstarf fór fram vegna fyrirhugaðs rannsóknahúss H.A., en þar ætlar Rf sér samastað í nánustu framtíð. Tilkoma hússins mun verða mikil lyftistöng fyrir alla rannsóknarvinnu, en áætlað er að húsið verði tekið í notkun síðla árs 2003.

Neskaupstaður

Aðalstarfsemi útíbús Rf í Neskaupstað var, eins og undanfarin ár, þjónustamælingar fyrir fiskiðnaðinn á Austurlandi. Þar af eru um 90% við fiskimjölsíðnaðinn á svæðinu. Á þjónustusvæði útíbúsins eru 8 fiskismjölsverksmiðjur sem framleiða 60-70% af öllu fiskimjöli á landinu, og því er hlutur fiskimjölsíðnaðarins í starfsemi útíbúsins svona stór.

